



**Aukaþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
2. desember 2022
Fjarfundur**

Dagskrá:

Kl. 08:30 Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður SSNE

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Kosning kjörnefndar

Kl. 8:45 Skýrslur um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar

Skýrsla stjórnar SSNE um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar 2022

Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingasjóðs

Kl. 9:10 Mál til afgreiðslu

Starfsáætlun SSNE fyrir árið 2023

Tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023

Tillaga um endurnýjaðan samstarfssamning vegna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (með fyrirvara um afgreiðslur sveitarstjórna)

Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin

Kl. 09:45 Ávörp gesta

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri

Kl. 10:15 Kaffihlé

Kl. 10.30 Umhverfismál SSNE

Hlutverk SSNE í framkvæmd svæðisáætlun úrgangsmála

Spretthópar SSNE í umhverfismálum

Umræður

Kl. 11:15 Áhersluverkefni 2023

Kynning á framkomnum hugmyndum

HópaVinna og umræður

Kl. 12:00 Þingi slitið

Þinggerð

Þingfulltrúar og aðrir gestir: Lára Halldóra Eiríksdóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Kristín Helga Schiöth, Elva Gunnlaugsdóttir, Jón Hrói Finnsson, Anna Lind Björnsdóttir, Þórhallur Jónsson, Hulda Elma Eysteinsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Freyr Antonsson, Njáll Trausti Friðbertsson, Ari Páll Pálsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Smári Jónas Lúðvíksson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Halla Björk Reynisdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Þröstur Friðfinnsson, Hildur Halldórsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Linda Margrét Sigurðardóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Snorri Finnlaugsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Gunnar Már Gunnarsson, Sigurður Þór Guðmundsson, Sigríður Ingvarsdóttir, Jón Þór Benediktsson, Logi Einarsson, Sigríður Bjarnadóttir, Þórarinn Ingi Pétursson, Hlynur Jóhannsson, Hulda Sif Hermannsdóttir, Hafrún Olgeirsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir, Arnar Þór Stefánsson, Inga María Sigurbjörnsdóttir, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Hilda Jana Gísladóttir, Aldey Traustadóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Leifur Þorkelsson, Gerður Sigtryggsdóttir, Lilja Guðnadóttir, Jakob Frímann Magnússon, Knútur Emil Jónasson, Tómas Atli Einarsson, Helgi Jóhannsson, Hilda Jana Gísladóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Freyr Antonsson, Ottó Elíasson.

Þingsetning

Formaður stjórnar SSNE, Lára Halldóra Eiríksdóttir, setti þingið kl. 8:30 og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Eins og samþykktir gera ráð fyrir var þingið haldið í fjarfundi. Formaður lét vita af því að stjórn hefði ákveðið að draga til baka tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023 vegna óvissu í tengslum við fjárlög, kjarasamninga og framlög Jöfnunarsjóðs.

Þá tilnefndi formaður Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE sem þingforseta og Hildi Halldórsdóttur, verkefnastjóra SSNE sem þingritara. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti vakti athygli fundargesta á því að fundurinn yrði tekinn upp og hreyfði enginn andmælum við því. Því næst kynnti þingforseti skipulag atkvæðagreiðslu:

Þingfulltrúar sveitarfélaganna skulu skrá sig inn á fundinn með fullu nafni og setja A framan við nafnið sitt. Það er lykilatriði til að hægt verði að sjá mætingu þingfulltrúa og meta lögmati fundarins. Kosningar munu fara fram með handauppréttingu (raise hand) og þátttakendum gefst kostur á að koma með spurningar til framsögumanna eða biðja um orðið í gegnum spjallið (chat).

Fundarstjóri kynnti tillögu um kjörnefnd fundarins:

*Arnar Stefánsson, Fjallabyggð - formaður
Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbæ
Jón Hrói Finnsson, Þingeyjarsveit*

Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við fundarboðun sem engar voru og lýsti því þingið lögmati.

Skýrsla um framvindu starfsáætlunar 2022

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE gerði grein fyrir framvindu starfsáætlunar yfirstandandi árs. [Skýrslan er aðgengileg í gögnum aukabingsins á heimasíðu SSNE](#). Lára Halldóra lagði hér fram tillögu að ályktun þingsins:

Aukabing SSNE haldið rafrænt 2. desember 2023 skorar á stjórnvöld að auka fjármögnun til Byggðastofnunar til að efla og leiðrétta framlög ríkisins til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Ólíkt framlögum sveitarfélaganna hafa framlög ríkisins til málaflokksins dregist verulega saman vegna verðlagsbreytinga og eru þau nú aðeins helmingur af því sem var árið 2009.

Aukabing SSNE áréttar mikilvægi þessarar starfsemi en það hefur aukist mjög á síðustu árum, m.a. vegna fjölgun verkefna frá ríkinu. Það er enn tækifæri fyrir ríkisvaldið að leiðrétta þetta í fjárlögum ársins 2023 og telur aukabing SSNE sérstaklega mikilvægt að það verði gert og jafnframt tryggt að framlög ríkisins fylgi verðlagi eins og framlög sveitarfélaganna hafa gert.

Skýrsla um framvindu fjárhagsáætlunar 2022

Fundarstjóri bar upp við þingfulltrúa hvort athugasemdir væru við að Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála SSNE myndi kynna hvoru tveggja stöðu þessa árs og áætlun næsta árs undir þessum dagskrárlið. Engar athugasemdir bárust.

Verkefnastjóri fjármála, Rögnvaldur Guðmundsson, kynnti fjárhagsáætlun 2023 og framvindu ársins 2022. [Kynning Rögnvaldar er aðgengileg í gögnum aukabingsins á heimasíðu SSNE](#). Rögnvaldur tæpti m.a. á óvissuþáttum vegna lausra kjarasamninga. Þá fór Rögnvaldur yfir helstu breytingar á fjárhagsáætlun 2023 frá kynningunni sem fór fram á ársþingi SSNE í apríl 2022.

Fundarstjóri opnaði á umræðu fyrir annars vegar erindi formanns og hins vegar kynningu verkefnastjóra fjármála. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Hilda Jana Gísladóttir, formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Sónnaráætlunar SSNE fór yfir starfs- og fjárhagsáætlun úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs. Formaður minnti gesti á mikilvægi Sónnaráætlunar og þess að fá fjármagnið heim í hérað til úthlutunar og þar af leiðandi sýnileika Sónnaráætlunar.

Fundarstjóri bauð orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri gaf formanni kjörnefndar, Arnari Þór Stefánssyni, orðið. Arnar Þór upplýsti um lögmæti fundarins. Arnar Þór staðfesti að fundurinn væri lögmætur með mætingu 26 þingfulltrúa af 33, sem og að til fundarins hefði verið löglega boðað.

Mál til afgreiðslu

Fundarstjóri lét vita um tillögu um dagskrárbreytingu undir þessum lið en ljóst var orðið að ekki yrði hægt að greiða atkvæði um endurnýjaðan samstarfssamning vegna Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á þinginu þar sem athugasemdir höfðu komið fram við samninginn. Því lagði fundarstjóri til að í stað þess yrði Leifi Þorkelssyni, framkvæmdastjóra

heilbrigðiseftirlitsins gefið orðið til að kynna sig og bregðast við framkomnum athugasemdum frá sveitarfélögunum.

Fundarstjóri óskaði eftir athugasemdum ef einhverjar væru. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Starfsáætlun SSNE fyrir árið 2023

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE fór yfir starfsáætlun 2023; markmið, leiðir að þeim, árangursmælikvarðann, ábyrgðaraðilann sem og tímaáætlun. Starfsáætlun SSNE er aðgengileg á heimasíðu SSNE.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Fundarstjóri lagði starfsáætlunina fram til samþykktar. Var hún samþykkt einróma.

Tillögur um breytingu á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2023

Fundarstjóri minnti á að tillagan hefði verið dregin til baka af formanni í upphafi þingsins og því félli þessi dagskrárliður niður.

Kynning á starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Leifur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kynnti starfsemi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Leifur fór meðal annars yfir að starf framkvæmdastjóra ætti með réttu að geta verið án staðsetningar innan starfssvæðisins en að skilgreina þyrfti heimili HNE og varnarþing. Þá fjallaði hann um mikilvægi þess að náttúruvernd fengi að vera með rödd innan starfseminnar. Þá ræddi hann innheimtu gjalda og að athugasemdir þess efnis væru algengar.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Hermann Ingi Gunnarsson, Hilda Jana Gísladóttir, Sunna Hlín Jóhannesdóttir og ræddu meðal annars aðkomu Heilbrigðiseftirlitsins að útsendingu reikninga, formfestingu hlutverks SSNE í tengslum við Heilbrigðiseftirlitið og virkara samtal sveitarstjórnarfólks við Heilbrigðiseftirlitið.

Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega voru upp borin

Fundarstjóri bar upp til samþykktar tillögu stjórnar að ályktun þingsins um fjármögnun til Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Tillagan var samþykkt einróma.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók: Jakob Frímann Magnússon, þingmaður Norðausturkjördæmis.

Ávörp gesta

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, formaður fjárlaganefndar og þingmaður

Norðausturkjördæmis ræddi fjölmörg þau málefni sem snerta landshlutans, meðal annars hvað varðar fjárlögin og umræðu þeirra í þinginu. Bjarkey hvatti jafnframt fundargesti til að hafa endilega samband við hana og aðra þingmenn ef eitthvað er.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tók: Hilda Jana Gísladóttir.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri fór ýmis málefni er tengdust starfsemi Háskólans á Akureyri. Hvatti hann sveitarstjórnarfólk sérstaklega til að kynna sér nýja námslínu um sveitarstjórnarmál sem Háskólinn á Akureyri býður nú upp á. Ræddi hann styrkleika svæða og að nýta þá til nýsköpunar og mikilvægi þess að háskólasamfélagið sveitarfélögin standi saman.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá.

Til máls tóku: Sigríður Ingvarsdóttir og Gunnar Már Gunnarsson.

Í lok umræðunnar vakti fundarstjóri athygli þingfulltrúa á samfélaginu og gróskunni á Stéttinni Húsavík, sem og opnun þess húsnæðis föstudaginn 9. desember og hvatti þingfulltrúa til að mæta.

Gert var 15 mínútna kaffihlé kl. 10.15.

Umhverfismál SSNE

Hlutverk SSNE í framkvæmd svæðisáætlun úrgangsmála

Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri SSNE kynnti stöðu svæðisáætlunar úrgangsmála en frestur til að skila inn athugasemdum er til 6. desember. [Kynning Smára Jónasar er aðgengileg undir gögnum þingsins á heimasíðu SSNE.](#)

Fundarstjóri gaf orðið laust og kallaði eftir viðhorfi sveitarstjórnarfólks um hlutverk SSNE í framkvæmd áætlunarinnar.

Til máls tóku: Hilda Jana Gísladóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Freyr Antonsson.

Spretthópar SSNE í umhverfismálum og Græn skref Sveitarfélagana

Kristín Helga Schiöth verkefnastjóri SSNE fór yfir helstu markmið verkefnisins sem er að móta geranlegar og skýrar aðgerðir fyrir sveitarfélögin í umhverfis- og loftslagsmálum. Kristín Helga kynnti jafnframt boð SSNE til sveitarfélaganna að þau taki þátt í verkefninu Græn skref SSNE. Vonir standa til að sveitarfélögin nýti sér þessa þjónustu og samtali við SSNE. [Kynning Kristínar Helgu er aðgengileg undir gögnum þingsins á heimasíðu SSNE.](#)

Fundarstjóri gaf orðið laust, enginn óskaði eftir að taka til máls.

Áhersluverkefni 2023

Hilda Jana Gísladóttir, formaður Uppbyggingarsjóðs SSNE kynnti Sóknaráætlun landshlutans og hvernig Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni Sóknaráætlunar Norðurlands eystra eru tvær leiðir til að vinna að markmiðum áætlunarinnar.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri SSNE kynnti rafrænan þáttökuvettvang fundarins til að forgangsraða markmiðum Sóknaráætlunar eftir þremur flokkum hennar,

þ.e.a.s. innan atvinnuþróunar og nýsköpunar, innan menningar og innan umhverfismála. Jafnframt voru þinggestir hvattir til að senda inn tillögur að nýjum verkefnum.

Kynningin er aðgengileg á undir gögnum þingsins á heimasíðu SSNE.

Fundargestir settu í efstu sætin:

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Hilda Jana Gísladóttir.

Þingslit

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund og fól Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar að slíta þinginu. **Formaður** þakkaði fyrir innlegg gesta þingsins og sleit því með þökkum og hvatningarorðum til sveitarstjórnarfólks og starfsfólks SSNE og minnti á mikilvægi og gagnsemi samvinnunnar.

Þingi slitið kl. 11:45.